

Umhverfisstofnun
Áb. <i>SF</i>
29 NOV. 2004
<i>54.55</i>
Tilv. <i>UST20030300048</i>

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Reiðuborgarstræti 29
15 - 163 Reykjavík, Ísland

☎ +354 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

26. nóvember 2004

Tilvísun: UST20030300048/sf

Landfyllingar við Gufunes. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 20. október sl., þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Náttúruminjar

Samkvæmt greinargerð Árna Hjartarsonar, jarðfræðings (viðauki I með matsskýrslu) eru Fjósaklettur og Gufuneshöfði einu sjáanlegu jarðminjarnar (jarðfræðilegar minjar) á Gufunesi. Þessum jarðminjum verður ekki raskað við landfyllingarnar.

Í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið eru tvö svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. Viðey (svæði nr. 128) og Gufuneshöfði (svæði nr. 127). Landfyllingarnar eru utan þessara svæða og munu því ekki hafa bein áhrif á svæði sem eru á náttúruminjaskrá.

Fyrirhugaðar landfyllingar við Gufunes munu því ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif á náttúruminjar.

Efnistaka

Í matsskýrslu kemur fram að efnispörf fyllinganna er um 4,1 milljón m³. Áætluð grjótpörf í garðinn er um 150.000 m³. Til uppfyllinga verður að mestu notað sjódælt efni og uppgrafið efni sem til fellur, aðallega vegna jarðvinnuframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Einnig kann að einhverju leyti að verða notað efni úr námum á landi og eru tilgreindar nokkrar námur sem til greina kemur að fá efni úr. Fram kemur að stefnt er að því að efnistaka verði einungis úr þeim námum sem nú þegar hafa vinnsluleyfi. Þá eru líkur á að í samstarfi við Reykjavíkurbörn verði unnt að losa dýpkunarefni úr dýpkunarframkvæmdum við Sundahöfn í garð landfyllinga við Gufunes.

Umhverfisstofnun bendir á að í raun eru umhverfisáhrif framkvæmdarinnar ekki að fullu metin þar sem ekki eru metin umhverfisáhrif efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Umfjöllun um efnistöku í matsskýrslu er þó í samræmi við umfjöllun í mati á umhverfisáhrifum annarra framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að því verði fylgt eftir að öll efnistaka verði úr námum sem nú þegar eru í rekstri. Jafnframt bendir stofnunin á að óheimilt er að hefja vinnslu á nýjum efnistökuæðum

nema fyrir liggi framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélags og uppfyllt séu ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem fjallar um nám jarðefna.

Í matsskýrslu er vísað til laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar varðandi leyfi til að varpa dýpkunarefnum í hafið. Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. október sl. tóku gildi ný lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sem tóku við af lögum nr. 32/1986. Í hinum nýju lögum er ferli leyfis til varps í hafið eilítið breytt frá því sem áður var.

Mengun sets

Umhverfis- og heilbrigðisstofa hefur gert athuganir á því hvort mengunarefni (olíuefni og PCB) hafi safnast upp á sjárvarbotni Elliðavogs fyrir framan Gufuneshaugana, sbr. viðauka 4 með matsskýrslu. Samkvæmt niðurstöðum efnagreininga á fimm sýnum er styrkur mengunarefna greinilega aukinn í einu þessara sýna. Samkvæmt upplýsingum í matsskýrslu verður ekki hróflað við botnseti vegna vinnu við landfyllingararnar. Til að lágmarka hreyfingu á sjávarseti verður notast við flotleiðslu til dælingar efnis þar sem þess gerist þörf en þannig verður komist hjá því að grafa breiða rennu fyrir dæluskip.

Þar sem ekki er fyrirhugað að grafa rennu fyrir dæluskip munu fyrirhugaðar landfyllingar sem slíkar ekki hafa í för með sér varp dýpkunarefna í hafið. Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til aðgerða vegna mengaðs sjávarsets við Gufunes, svo fremi að áætluðu verklagi verði fylgt eftir og að ekki verði hreyft við botnseti vegna framkvæmdanna.

Skipulag

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugaðar landfyllingar séu í samræmi við staðfest aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016. Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir blandaðri byggð á landfyllingunum og í Eiðsvík og Geldinganesi er gert ráð fyrir hafnar- og athafnasvæði sem og blandaðri byggð. Umhverfisstofnun hefur áður bent á að afmörkun landfyllingar við norðanvert Gufunes, sbr. mynd 1.1 í matsskýrslu, miðast við lögum skilgreinds hafnar- og athafnasvæðis í Geldinganesi í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur (sbr. umsagnir Umhverfisstofnunar dags. 1. apríl um drög að tillögu að matsáætlun og dags. 21. maí 2004 um tillögu að matsáætlun). Nú hefur hins vegar verið fallið frá uppbyggingu hafnar í Eiðsvík vegna fyrirhugaðrar sameiningar Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar, Grundartangahafnar og Borgarneshafnar fyrirtæki frá og með 1. janúar 2005. Þrátt fyrir það segir í matsskýrslu: „*A fundi sínum þann 9. mars 2004 samþykkti borgarráð að fela skipulags- og byggingarnefnd að hefja undirbúning að breytingu aðalskipulags Geldinganes þar sem ekki er talin þörf fyrir uppbyggingu nýs hafnarsvæðis fyrir Reykjavík á þeim stað. Í samþykktinni kemur einnig fram að hluta svæðisins verði breytt í blandaða byggð, með áherslu á íbúða- og atvinnusvæði. Ekki felst í þessu fyrirætlun um breytingar á umfangi eða landnotkun á fyrirhuguðum landfyllingum við Gufunes.*” [leturbreyting UST]

Umhverfisstofnun telur að upphaflegar forsendur fyrir afmörkun nýrðri hluta landfyllingarinnar séu ekki lengur fyrir hendi þar sem hún tengdist landfræðilega og skipulagslega fyrirhugaðri byggingu hafnar í Eiðsvík. Eftir að hætt hefur verið við þá uppbyggingu skortir heildstæða mynd af uppbyggingu og skipulagi á svæðinu, enda hefur Reykjavíkurborg samþykkt að endurskoða fyrirhugaða landnotkun skv. aðalskipulagi miðað við breyttar forsendur. Umhverfisstofnun telur að taka verði tillit til þessa við undirbúning fyrirhugaðra framkvæmda og að útlínur landfyllinga eigi ekki að vera bundnar af útlínum þeirra skv. staðfestu aðalskipulagi.

Á sínum tíma féllst Umhverfisstofnun á höfn í Eiðsvík þar sem ekki var á þeim tíma séð að

annar betri kostur væri í stöðunni. Þar með fylgdu landfyllingar þær sem nú eru til umræðu enda var lögum þeirra hönnuð til samræmis við útlínur hafnarinnar. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að lega, stærð og útlínur landfyllingar miðað við núverandi aðstæður er ekki í samræmi við strandlínu og landslagsheildir á svæðinu, einkum síðari (nyrðri) áfangi landfyllinganna. Það er mat Umhverfisstofnunar að við endurskoðun áætlana um landnotkun í Geldinganesi eigi m.a. að taka tillit til þess að strandsvæði eru tilvalin til útivistar. Leggja á áherslu á að halda ströndinni við Geldinganes, í Eiðsvík og nágrenni óraskaðri eftir því sem kostur er og gera ráð fyrir aðgengi almennings.

Umhverfisstofnun bendir á að röskun fjörunnar í Eiðsvík er í ósamræmi við stefnumótun í samþykktri Staðardagskrá 21 fyrir Reykjavík (*Staðardagskrá 21. Umhverfisáætlun Reykjavíkur – Leiðin til sjálfbærs samfélags*), sbr. umfjöllun á bls. 19 í matsskýrslu. Í kaflanum *Verndun lands og lífríkis* í staðardagskránni kemur fram að Reykjavíkurborg stefnir m.a. að því að höfuðstóll náttúrusvæða haldist óskertur og að náttúrulegum fjölbreytileika lífríkis verði við haldið. Þar segir einnig að í skipulagi byggðar sé nauðsynlegt að mynda jafnvægi byggðar og náttúru og leitast við að halda sérstæðum svæðum, einstökum jarðmyndunum og fjölskrúðugu lífríki ósnortnu frá náttúrunnar hendi. Í kaflanum *Fráveita* í Staðardagskrá 21 fyrir Reykjavík kemur fram að það er stefna Reykjavíkurborgar að strendur borgarinnar verði aftur hreinar og ómengaðar. Þar sem hætt hefur verið við hafnargerð í Eiðsvík telur Umhverfisstofnun að engin ástæða sé til þess að raska strandlínu og náttúrulegri fjöru í Eiðsvík.

Það er mat Umhverfisstofnunar að falla eigi frá fyrirhugaðri landfyllingu við norðanvert Gufunes enda er sú landfylling í ósamræmi við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar (Staðardagskrá 21) og raskar strandlínu og náttúrulegri fjöru í Eiðsvík.

Lífríki fjöru/botndýralíf

Samkvæmt úttekt sem gerð var á lífríki fjöru við Gufunes (viðauki 2 með matsskýrslu) er ekkert sem bendir til að fjörolífríkið á svæðinu sé á einhvern hátt sérstætt. Líkur eru á að þær tegundir sem munu hverfa undir fyrirhugaðar landfyllingar muni nema land aftur á fyllingunni. Samkvæmt athugun á lífríki á botni neðansjávar út af Gufunesi (viðauki 3 með matsskýrslu) er tegundasamsetning þar svipuð og fundist hefur áður víða við Reykjavík og nágrenni og hafa botnsamfélög ekki mikið verndargildi. Ekki fundust neinar sjaldgæfar tegundir sem vert er að vernda.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun að fyrirhugaðar landfyllingar við Gufunes muni ekki hafa umtalsverð áhrif á lífríki fjörunnar eða botndýralíf.

Fuglalíf

Í skýrslu Jóhanns Óla Hilmarssonar um fuglalíf við Gufunes (áfangaskýrsla), sjá viðauka 5 með matsskýrslu, kemur fram að æðarfugl er langalgengasti fuglinn í fjörum og grunnsævi við Gufunes. Aðrir algengir fuglar eru fyll, stökkönd, tjaldur, stelkur, hettumáfur, sílamáfur, hvítmáfur og hrafn. Nokkrir fuglar á valista fundust við talningar í Gufunesi, þ.e. stormmáfur (tegund í nokkurri hættu), grágæs, svartbakur og hrafn (tegundir í yfirvofandi hættu) og auk þess fannst himbrimi (tegund í yfirvofandi hættu) í Eiðsvík. Að mati Jóhanns Óla Hilmarssonar eru engar válistategundir í verulegri hættu vegna fyrirhugaðra uppfyllinga. Framkvæmdirnar munu hafa í för með sér bæði beint og óbeint tjón fyrir fugla, sbr. umfjöllun í fyrrgreindri skýrslu, en áhrif framkvæmdanna á fugla verða hlutfallslega lítil þar sem um fáa fugla er að ræða. Miðað við ofangreint mun framkvæmdin ekki hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Eins og bent er á í skýrslu Jóhanns Óla Hilmarssonar um fuglalíf eru íslenskar fjörur og leirur afar mikilvægar fyrir fugla. Mjög hefur þó gengið á slík svæði á höfuðborgarsvæðinu vegna ýmis konar framkvæmda, s.s. landfyllinga og er nú svo komið að allar fjörur frá Gufunesi og út á Seltjarnarnes hafa verið eyðilagðar, að frátöldum innanverðum Grafarvogi og litlum hluta Laugarness. Vegna þessa hafa þau svæði sem enn hefur ekki verið raskað sífellt meira gildi. Jóhann Óli Hilmarsson leggur til að verði af umræddum framkvæmdum verði sem mótvægisáðgerð endurheimt votlendi annars staðar, annað hvort hliðstæð fjörusvæði sem spillt hefur verið með uppfyllingum eða votlendi inn til landsins. Í fyrrgreindri skýrslu segir m.a.:

„Ekki þarf að leita langt til að finna leirur og fjörur sem hafa verið skemmdar og þar sem uppfyllingar hafa lítinn sem engan tilgang. Uppfylling í Elliðavog, svonefnt Geirsnef, er oft nefnt sem dæmi um tilgangslausa uppfyllingu á Innesjum. Endurheimt votlendis inn til landsins er einnig valkostur, þar sem mikið er til af ónýttu votlendi sem raskað hefur verið með framræslu. Búsvæði eins og það sem fer forgörðum við Gufunes er væntanlega mun verðmætara fyrir fuglalíf en mýrlendi inn til landsins og verður að taka tillit til þess við endurheimt.“

Í samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningur) er votlendissvæði skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Grunnsævi telst því einnig til votlendis skv. samningnum. Í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið mörkuð sú stefna að ef fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í för með sér rask á votlendi verði endurheimt a.m.k. jafnmikið votlendi og það sem raskast við framkvæmdirnar. Ekki hefur þó enn verið gerð krafa um endurheimt grunnsævis, heldur hefur eingöngu verið um að ræða endurheimt votlendis á landi. Ætla má að erfiðara sé um vik við endurheimt grunnsævis en votlendis á landi en slíkt hlýtur að kalla á enn íhaldssamari stefnu hvað varðar rask á grunnsævi vegna framkvæmda. Eins og bent er á hér að framan telur Umhverfisstofnun að endurskoða beri afmörkun landfyllinga við Gufunes og falla frá fyrirhugaðri landfyllingu í Eiðsvík til verndar fjörunni. Umhverfisstofnun telur að ástæða sé til að setja skilyrði um endurheimt votlendis (búsvæðis) ef slíkt verður ekki gert.

Útivist

Í matsskýrslu kemur fram að svæðið meðfram ströndinni við Gufunes sé í dag að mjög takmörkuðu leyti nýtt til útivistar. Fram kemur að unnið sé að tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði við Gufunes en í henni sé gert ráð fyrir fjölbreyttri útivistarnotkun s.s. aðstöðu til knattspyrnuíðkunar, golfæfingarsvæði, brennustæði, skrudgarði o.fl. Í matsskýrslu segir jafnframt: *„Með landfyllingum við Gufunes og framtíðar íbúðarbyggð á þeim má ljóst vera að svæðið í heild sinni verður betur fallið til útivistar en það er í dag. Byggð á landfyllingum mun gera kröfur til þess að nálægt umhverfi verði tekið í gegn í heild sinni og gert aðgengilegra með tilliti til útivistariðkunar.“*

Umhverfisstofnun bendir á að landfyllingar við Gufunes og fyrirhuguð íbúðarbyggð á þeim er ekki forsendan fyrir því að hægt sé að skipuleggja Gufunes og strandlengjuna við Gufunes m.t.t. útivistar og að þar verði komið upp ýmis konar aðstöðu. Því verður ekki séð að landfyllingarnar og íbúðarbyggðin sem slík geri það að verkum að svæðið verði betur fallið til útivistar en það er í dag, þó svo að útivistarsvæði í Gufunesi myndi án efa nýtast íbúum þar vel.

Straumar

Samkvæmt útreikningum sem Verkfræðistofan Vatnaskil gerði munu fyrirhugaðar landfyllingar við Gufunes hafa hverfandi áhrif á sjávarfallastrauma. Ekki er því líklegt að fyrirhugaðar landfyllingar muni hafa umtalsverð áhrif á strauma.

Laxfiskar

Í matsskýrslu er vísað til skýrslu Veiðimálastofnunar frá desember 2002 um rannsóknir á farleiðum og gönguatterli laxafiska á ósasvæðum Elliðaáanna. Í skýrslunni kemur m.a. fram að ósasvæði Elliðaáa er afar mikilvægt, bæði seiðum á leið til sjávar og fullorðnum laxi. Því ber að fara varlega í allar framkvæmdir á ósasvæðinu og tryggja að framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki ána. Jafnframt er mikilvægt að þar gæti ekki mengunar. Þetta er ekki síst mikilvægt sökum hnignandi stöðu laxins í Elliðaánum. Veiðimálastofnun bendir á að almennt er best lífríkisins vegna að lágmarka allt rask á ósasvæði Elliðaáanna og strandsvæðinu þar utan við.

Í matsskýrslu kemur fram að til þess að lágmarka möguleg áhrif gruggs á laxfiska verði við upphaf framkvæmda útbúinn garður syðst á fyllingarsvæði sem takmarka á dreifingu gruggs. Byggðir verða þvergarðar, eftir því sem þörf er á, til að hólfa fyllingarsvæði niður og takmarka þannig enn frekar dreifingu gruggs. Þá kemur fram í matsskýrslu að unnið verði að byggingu varnargarðs og hólfa utan þess tíma sem viðkvæmastur er fyrir laxinn. Umhverfisstofnun telur að fyrrgreint verklag sé forsenda þess að koma megi í veg fyrir óæskileg áhrif á laxfiska. Setja verði það skilyrði fyrir framkvæmdum að framkvæmdir við byggingu varnargarðs og hólfa fari fram utan göngutíma laxfiska, þ.e. tímabilinu frá 1. maí til loka september.

Gasmyndun

Umhverfisstofnun telur varasamt að fara í framkvæmdir og uppbyggingu á svæðinu án sértæks áhættumats fyrir fyrirhugaða íbúa og byggð á svæðinu. Fram kemur, t.d. á bls. 34-35 í matsskýrslu að um einhvern tíma mun metan og koldíoxíð myndast í Gufuneshaugnum. Umhverfisstofnun telur að gasmyndun geti verið virk mun lengur en þau 15-30 ár sem tilgreind eru í matsskýrslu. Stofnunin bendir á að í matsskýrslu er einungis fjallað um áhættu starfsmanna á framkvæmdartíma en ekkert um áhættu, forvarnir eða aðgerðir á „rekstartíma“, þ.e. eftir að íbúar hafa flust á svæðið. Lokuð eða afmörkuð svæði byggðar, s.s. bílakjallarar, þvottahús, geymslur, skjólsæl leiksvæði o.fl. geta verið staðir gassöfnunar.

Landslag/sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar landfyllingar muni hafa umtalsverð áhrif á landslag en hins vegar mun íbúðarbyggð á landfyllingunum hafa töluverð sjónræn áhrif, ekki síst ef þar rís þétt og há byggð, sbr. umfjöllun í matsskýrslu. Í mati á umhverfisáhrifum landfyllinganna eru hins vegar ekki metin áhrif fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar á landslag/sjónræna þætti þar sem uppbygging íbúðarbyggðarinnar er ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Annað

Í matsskýrslu kemur fram að olíufylltur háspennustrengur þveri fyllingarsvæðið en haft verði samráð við Orkuveitu Reykjavíkur varðandi alla fyllingarvinnu við strenginn. Umhverfisstofnun telur varhugavert að olíufylltur háspennustrengur verði grafinn í landfyllingu.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar landfyllingar við Gufunes muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telur þó að mikilvægt að eftirtalinna atriða verði gætt:

- Fallið verði frá landfyllingu við norðanvert Gufunes, þar sem landfyllingin er í ósamræmi umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar (Staðardagskrá 21) og raskar fjöru og landslagi á svæðinu. Að öðrum kosti verði stærð og útlínur landfyllingarinnar endurhannaðar til samræmis við strandlínu og landslag svæðisins.
- Ekki verði veitt heimild til landfyllingar fyrir byggð án þess að farið hafi fram ítarlegt áhættumat vegna búsetu á svæðinu.

Virðingarfyllst,


Sigríós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs